



Hopp Mobility ehf.

Erindi

Umsókn um leyfi til að reka stöðvalausa deilileigu fyrir rafhlaupahjól í Hafnarfirði

Tengiliður

Þorgrímur Kári Emilsson - Sölustjóri

Netfang: thorgrimur@hopp.bike

Sími: +354 8682515

Efni

Efni þessa erindis er að sækja um leyfi fyrir Hopp Mobility ehf. að halda úti þjónustu af stöðvalausri deilileigu fyrir rafhlaupahjól á nýjum svæðum á Höfuðborgarsvæðinu. Fyrirhuguð stækkun nær að mestu leyti til svæða vestan við Reykjanesbrautina og mun tengja saman núverandi þjónustusvæði í Reykjavík við Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.


Hopp hefur verið starfandi í Reykjavík síðan haustið 2019, en þá var þjónustan sjósett með flota af 60 rafhlaupahjólum. Flotinn var stækkaður upp í 300 hjól vorið 2020. Samhliða þeirri stækkun var þjónustusvæðið (svæði þar sem notendur geta leigt og lagt hjólum) víkkað til að ná yfir Laugardalinn, Skeifuna og önnur nærliggjandi svæði. Núverandi þjónustusvæði er 16.2km.

Viðskiptamódel Hopp setur heimamenn í fyrsta sæti með því að verðleggja þjónustuna til að vera samkeppnishæf öðrum almenningsgöngum. 10 mínútna ferð á Hopp hjóli kostar notanda kr 400. Af þeim 73.000 notendum Hopp eru að svo stöddu 9 af hverjum 10 heimamenn.

Í sértækum hugbúnaði sem Hopp hefur hannað er hægt að fylgjast ítarlega með rekstrinum. Einnig er hægt að sjá hita kort yfir framboð og eftirspurn. Hér fyrir neðan er hægt að sjá mynd annars vegar af því svæði sem fyrirhuguð er að stækka á og hinsvegar hitakort yfir eftirspurn á því svæði. Hitakortið sýnir eftirspurn frá seinustu þremur mánuðum.



Fyrirhuguð stækkun



Eftirspurn frá 1.9.20 - 1.12.20

Framkvæmd

Á næsta ári ætlar Hopp endurtaka leikinn frá því í vor. Lögð verður inn pöntun fyrir nýjum hjólum til að stækka og endurnýja flotann. Þjónustusvæðið verður stækkað til að tengja saman Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Svæðið mun ná yfir 35.5 ferkílómetra. Þetta mun auðvelda íbúum að fara stuttar ferðir innan sveitarfélaganna sem og á milli þeirra.

Það er stefna Hopp að anna eftirspurn jafnt á öllum þeim svæðum þar sem boðið er upp á þjónustuna og er þessi stækkun áætluð með það í huga. Stefnan er að byrja með 100-200 hjól í hverju sveitarfélagi. Eftir að opnað hefur verið á nýju svæðunum og hjólin farin að sjá notkun mun sjálfvirkur hugbúnaður sýna ítarlega hvar mesta eftirspurn er eftir hjólum og hvar offramboð gæti verið. Starfsmenn Hopp munu þá dreifa þeim eftir því og passa uppá að ekkert svæði sé með of mörg eða of fá hjól. Þetta veitir hverju svæði góða og áreiðanlega þjónustu án þess að hjólin valdi óþægindum.

Ávinningur

Ávinningar þess að bjóða upp á deilileigu af rafhlaupahjólum fyrir sveitarfélög og íbúa þeirra eru margvíslegir. Hjólin eru t.d. góð lausn á vandamáli í almenningssamgöngum sem kallast “the last mile problem”. Vandamálið lýsir sér þannig að samgöngur eins og strætó og lestir eru skilvirkar í að koma fólki frá punkti A yfir á punkt B, en hvernig fólk ferðast til og frá þessum punktum er flóknara. Rafhlaupahjól koma þarna sterk inn og gera notendum kleift að auðveldlega koma síðasta spölin og á leiðarenda.

Gögn sýna að um 40% allra bílferða eru einungis um 3 mínútur að lengd. Þetta eru þær ferðir sem þjónustan getur auðveldlega skipt út og minnkað þar með útblástur sem og þörfina á einkabílum. Umhverfisáhrif og sjálfbærni er Hopp efst í huga. Starfsemi Hopp 100% rafknúinn og notar fyrirtækið einungis rafknúin farartæki fyrir alla hluta starfseminnar.

Hopp Mobility óskar þar af leiðandi eftir að skrifa undir þjónustusamning fyrir leyfir til að halda úti rekstri á deilileigu í Hafnarfirði.

Virðingarfyllt,

Þorgrímur Kári Emilsson
Sölustjóri Hopp Mobility ehf